

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 3. nóvember 2015 og hófst kl. 14.30. Þetta var fyrsti fundur nýrrar stjórnar ÍM 2015–2019. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Ályktun um íslenska tungu 2015

Ármann lagði fyrir fundinn drög, sem hann hafði tekið saman, að ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2015. Meginefni hennar nú er tengsl almennings við ritaða íslensku og bókmenntamálið, íslenskan í fjölmeningarsamfélagi og ritþjálfun. Ármann kynnti drögin og las þau upp. Stjórnin gerði athugasemdir við textann en lýsti almennt yfir ánægju með hann. Hilmar sagðist sammála því að leggja þyrfti meiri áherslu á ritþjálfun í skólum. Ármann sagði að margir gerðu ekki lengur skýran greinarmun á tal- og ritmáli. Nokkur umræða var um form ályktana ÍM sem skipt hefur verið niður í stöðu, horfur og aðgerðir. Formaður sagði að það mætti gjarna minnka vægi kafla um horfur, það væri oft erfitt að spá um hvað yrði ef ekkert yrði gert.

Ármann vinnur áfram við ályktunardrögin. Þau verða síðan send til stjórnar og eftir það til allrar nefndarinnar.

### 2. Stefnuskrá ÍM 2015–2019

Tekinn var upp þráðurinn frá fyrsta fundi nýrrar málnefndar og rætt um væntanlega stefnuskrá ÍM 2015–2019 (sjá fg. ÍM 2/2015, 2. lið). Steinunn taldi að best væri að ÍM beitti sér í máltækni fyrir því sem varðar almenning og börn og unglinga, t.d. tölvuumhverfið, aðgang að orðabókum og upplýsingum. Ákveðið var að hvetja til þess í stefnuskrá að helstu upplýsingum um íslensku og málfar yrði safnað saman á gjaldfrjálsum stað. Ritari sagði að á Árnastofnun hefði verið unnið að því allengi að búa til slíka safnsíðu, málið.is. Verkið væri hins vegar skammt á veg komið.

Samþykkt var að leggja áherslu á 1) máltækni, 2) bókmenntamálið, ritun og ritþjálfun, 3) áhrif fjölmeningarsamfélagsins á málið og 4) að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað. Einnig verður stefnt að því að gengið verði frá nýjum ritreglum og þær auglýstar af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ármann lagði til að málræktarþing yrði haldið um hvert þessara áhersluatriða á næsta tímabili Íslenskrar málnefndar og var tekið vel í það.

Formaður hyggst semja drög að stefnuskrá ÍM 2015–2019, bera þau undir stjórn og síðan alla nefndina.

### 3. Málræktarþing?

Stefnt verður að því að halda þing snemma á næsta ári á vegum Íslenskrar málnefndar og annað þing (málræktarþing) í nóvember 2016. Þema fyrra þingsins verður bókmenntamálið og tengsl fólks við samhengið í íslenskum bókmenntum en síðara þingsins ritunarkennsla og tjáning í skólum. Hilmar nefndi að á seinna þinginu gæti verið fróðlegt að heyra í kennurum sem hafa náð árangri í ritþjálfun.

Árið 2016 yrði þá ritmálsár hjá ÍM. Hilmar sagði að það væri heilmikið mál að breyta kennslu í skólum og auka vægi ritþjálfunar.

Aðrar hugmyndir komu einnig fram um skipan þinga málnefndarinnar. Þröstur kom með þá hugmynd að nóvember 2016 yrði málræktarmánuður með ýmsum viðburðum á vegum málnefndarinnar.

#### 4. Önnur mál.

##### *a) Betri Reykjavík – könnun á ensku*

Anna Sigríður Þráinsdóttir vakti athygli formanns ÍM (í skeyti 3. nóvember) á skoðanakönnun á Netinu á vegum fyrirtækisins Íbúar ses vegna verkefnisins Betri Reykjavík. Könnunin væri ætluð almennungi en væri á ensku. Í kynningarbréfi stendur: „Könnunin er á ensku þar sem þetta verkefni er unnið í alþjóðlegu samstarfi.“ Samþykkt var að formaður sendi bréf til Íbúa ses og einnig til Reykjavíkurborgar þar sem bent væri á að notkun ensku í könnuninni bryti í bág við 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, nr. 61/2011.

##### *b) Nýjar greinar Eiríks Rögnvaldssonar um stöðu máltækni hér á landi*

Ritari benti á nýja grein (frá 29. október 2015) í vefritinu Hugrás eftir Eirík Rögnvaldsson, meðlim í Íslenskri málnefnd, þar sem hann rekur það sem hefur gerst (og ekki gerst) í máltækni hér á landi á síðustu árum (<http://hugras.is/2015/10/verdur-islenska-gjaldgeng-i-stafrænum-heimi/>). Eiríkur birti einnig aðra grein skömmu síðar um þetta efni (<http://hugras.is/2015/11/er-hrakspa-rasks-ad-raetast/>).

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.10.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.